

Öldrunarráð

Stjórnskipuleg staða

Öldrunarráð heyrir beint undir bæjarstjórn. Starfsmaður fjölskyldusviðs starfar með ráðinu.

Ráðið fjallar um málefni aldraða.

Verkefni ráðsins er að vera samráðsvettvangur þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Skipan ráðsins

Í ráðinu eiga sæti þrjár fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, lögun um félagsþjónustu sveitarfélaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir þrjár fulltrúar til vara. Þá skulu einnig sitja í ráðinu þrjár fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og jafnmargir til vara. Auk kjörinna fulltrúa á sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða fulltrúi hans rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti.

Öldungaráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum nema bæjarstjórn ákveði annað.

Hlutverk

Hlutverk öldrunarráðs er:

- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum aldraða í sveitarfélaginu,
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í þeim málum sem undir ráðið heyrir,
- Að koma skoðunum og tillögum íbúa 60 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- Að gæta hagsmuna íbúa 60 ára og eldri um mál er snerta aldurshópin sérstaklega,
- Að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og bæjarstjórnar með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem geta verið til hagsbóta fyrir íbúa 60 ára og eldri,
- Að gera tillögur til Velferðarráðs um stefnumörkun í málefnum íbúa 60 ára og eldri,
- Að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

Starfshættir

Um starfshætti ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Öldrunarráð kemur saman fyrir luktum dyrum. Ráðinu er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Ráðið gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Ráðið skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur

fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Öldungaráði er heimilt að koma með tillögur til sveitarstjórnar, þ.m.t. tillögur um fyrirkomulag og skipulag öldrunarþjónustu. Slíkar tillögur eru þá teknar fyrir sem erindi til sveitarstjórnar.

Formaður öldrunarráðs sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra eða hann felur starfsmanni ráðsins fundarboðun, eftir atvikum. Fundur í öldrunarráði er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund skv. III. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður öldrunarráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í öldrunarráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir öldrunarráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal öldrunarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó lögum um málefni aldraða. Þá skal ráðið fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.